

Fundur íbúaráðs Vesturbæjar 15. september 2021: Tillaga fulltrúa íbúasamtaka um framkvæmdir á svæðinu milli Vesturgötu og Mýrargötu. – R21090064

Lagt er til að Umhverfis- og skipulagssviði sé falið að hefja hönnunarvinnu í samráði við íbúa á svæðinu vegna frágangs á yfirborði gatna- og stíga frá Vesturgötu til Mýrargötu auk þess sem fé verði veitt til framkvæmda sem byggir á afurð slíkrar hönnunarvinnu í kjölfarið. Sé ekki tími til að fara í slíkt samráð áður en Veitur hefja frágang á svæðinu er lagt til að umhverfis- og skipulagssvið hefji hönnunarvinnu þegar í stað og leggi fram framkvæmdaáætlun í kjölfarið.

Greinargerð:

Undanfarin misseri hafa Veitur staðið í framkvæmdum þar sem rjúfa hefur þurft yfirborð gatna á svæðinu frá Vesturgötu til Mýrargötu. Íbúaráð Vesturbæjar telur því að ráðast eigi samstundis í hönnunarvinnu og í kjölfarið framkvæmdir áður en Veitur ljúka sínum yfirborðsfrágangi.

Gert er ráð fyrir því að umhverfis- og skipulagssvið hafi samráð við íbúa á svæðinu á sem flestum stigum hönnunarvinnu og standi í kjölfarið fyrir kynningu á henni fyrir íbúum. Mikil tækifæri liggja í framkvæmdum á þessu svæði til að skapa mannvænna umhverfi og sjá má fyrir sér að eftirtöld verkefni verði hluti af hönnunarvinnunni:

- Heildræn yfirborðshönnun frá Mýrargötu (sunnanmegin) uppá Vesturgötu, til að tryggja gæði tengingar milli kirkjulóðar, leikvallar og lóðar við Bræðraborgarstíg 1.
- Setja sýn varðandi gróður og ræktun almennt á svæðinu.
- Setja vatnshana á leikvöllinn við "lækinn." (bent hefur verið á að það sé ekki hægt en þá þarf að endurhugsa lækinn í stað þess að setja hann aftur upp eins og hann var)
- Leiðbeina gróðurhúsaþópi sem hefur fengið vilyrði frá Umhverfis- og skipulagssviði fyrir því að setja upp samfélagsgróðurhús á borgarlandi milli Nýlendugötu og Mýrargötu.
- Setja vatnshana á Nýlendugötu fyrir fyrirhugað gróðurhús.
- Setja drykkjarfont.
- Kanna almennt möguleika og þarfir á svæðinu sem tengjast ræktun, útivist, lýðheilsu og græna planinu.

Hafa skal lýðræðisstefnu, lýðheilsustefnu og græna plan borgarinnar í huga við alla hönnunarvinnu.

Græn svæði og útivistarsvæði eru af skornum skammti í þessum borgarhluta.